

Staða dönskukennslu á Íslandi

Eftir Ingbjörgu S. Helgadóttur og
Þórunni Ernu Jessen
Birt í Morgunblaðinu 29. september 2009

Fyrir dyrum stendur innleiðing laga um framhaldsskóla sem samþykkt voru á Alþingi sumarið 2008. Í lögnum felast veigamiklar breytingar á skipulagi náms á framhaldsskólastigi. Ber þar m.a. að nefna styttingu náms til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú ár svo og að námskráargerð og skipulagning námsframboðs er nú alfarið í höndum hvers skóla um sig.

Margir framhaldsskólar eru byrjaðir eða langt komnir með að skipuleggja námsbrautir fyrir þriggja ára stúdentspróf og er eðlilegt að ætla, að umfang einhverra námsgreina muni minnka. Mest hefur verið talað um að fyrstu framhaldsskólaáfangarnir í ensku, stærðfræði, íslensku og dönsku muni færast niður í grunnskólann.

Félag dönskukennara lýsir yfir áhyggjum sínum varðandi dönskukennslu í skólum landsins í framtíðinni. Í dag læra nemendur dönsku í sjöunda til tíunda bekk í grunnskólunum og hafa þrjá til fjóra kennslustundir á viku. Misjafnt er eftir námsbrautum hversu mikla dönsku þeir læra í framhaldsskólum. Flestir nemendur sem ljúka stúdentsprófi taka 6 einingar sem jafngildir fjórum tímum á þremur önnum eða sex tímum á tveimur önnum. Ef raunin verður sú að þrjár einingar af sex flytjist niður í grunnskóla mun það þýða að nemendur í grunnskóla ættu að hefja nám í dönsku í sjötta bekk og flestir nemendur í framhaldsskóla taki enga eða þrjár einingar. Félag dönskukennara er hins vegar ekki kunnugt um að í grunnskólunum sé gert ráð fyrir aukinni dönskukennslu.

Um aldir hafa Íslendingar sótt sér framhaldsmenntun til hinna Norðurlandanna og átt þar greiðan aðgang að öllum helstu menntastofnunum. Nemendur utan Norðurlanda hafa þurft að fara í þarlenda málaskóla til að uppfylla kröfur sem gerðar eru til kunnáttu í norðurlandamálum. Þessi aðstöðumunur okkar Íslendinga á Norðurlöndum hefur ekki hvað síst verið vegna dönskukunnáttu íslensks skólafólks að loknu grunn- og framhaldsskólanámi hérlandis. Á undanförunum árum hefur ásókn í framhaldsmenntun á Norðurlöndum stórauðist hvaðanæva að, og því er mjög eðlilegt að þarlendar skólastofnanir skoði hvar skynsamlegt sé að draga mörk við inntöku nýnema.

Nýlega fékk Félag dönskukennara fyrirspurnir um stöðu dönskukennslunnar á Íslandi frá CIRIUS sem er stofnun undir danska menntamálaráðuneytinu. Þessi fyrirspurn barst vegna síendurtekinnna spurninga danskra háskóla til stofnunarinnar. Ljóst er að danska menntakerfið fylgist vel með hversu mikla dönsku íslensk ungmenni læra og ekki víst að ef dönskukunnáttan minnki að okkur standi þar allar dyr opnar í framtíðinni. Í Danmörku



Félag dönskukennara

P.O.Box 12025

112 Reykjavík.

greiða íslenskir háskólanemar ekki skólagjöld og hafa að flestu leyti sömu réttindi og danskir skólafélagar þeirra. Auk þess e+sem íslenskir námsmenn fá ókeypis menntun styrkir danska Menntamálaráðuneytið dönskukennsluna í íslenskum skólum um 2,5 milljónir danskra króna árlega. Fer þessi styrkur m.a. í námsefnisgerð, endurmenntun kennara, stöðu sendikennara og útsends lektors við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Þegar litið er til fjölda íslenskra námsmanna erlendis, má sjá hversu gífurlegur munur er á milli Norðurlandanna annars vegar og enskumælandi landa hins vegar. Samkvæmt heimasíðu Hagstofu Íslands (sótt á netið 14.09 2009) voru alls skráðir 2.380 íslenskir námsmenn erlendis árið 2008. Í Danmörku einni og sér voru skráðir 1.036 námsmenn og í Svíþjóð og Noregi voru þeir 206. Lætur því nærri að rúmlega 52% allra íslenskra námsmanna erlendis stundi nám á Norðurlöndunum. Þá eru ótaldir þeir nemendur sem fara til Norðurlanda í lýðháskóla eða aðrar menntastofnanir, sem ekki fullnægja skilyrðum um láns hæft nám.

Af ofangreindu má ljóst vera að miklir þjóðarhagsmunir eru tengdir áframhaldandi aðgengi okkar að eftirsóknarverðum og viðurkenndum menntastofnunum á Norðurlöndum. Í því samhengi gegnir góð undirstöðuþekking Íslendinga á Norðurlandamálum svo og menningu þeirra lykilhlutverki. Félag dönskukennara hefur þungar áhyggjur af því að ef framhaldsskólar landsins skera niður dönskukennslu muni það geta leitt til þess að áframhaldandi aðgengi íslenskra ungmenna að námi á Norðurlöndunum muni skerðast. Því skorar félagið á skólastjórnendur að við gerð nýrra námskráa og námsbrauta verði ekki dregið úr vægi dönskukennslunnar.

Afrit sent til:

Menntamálaráðherra, Katrínar Jakobsdóttur.